

## 65

19. júní

Lög nr. 34 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands, lög nr. 34 27. júní 1925, um breyting á þeim lögum, lög nr. 24 11. júlí 1911, um sóttgæzluskirteini skipa, og lög nr. 31 20. júní 1923, um læknisskoðun aðkomuskipa, eru úr gildi numin, og önnur ákvæði, er fara kynnu í bága við þessi lög.

## 28. gr.

Lög þessi skal prenta á íslenzku, dönsku, þýzku, ensku og frönsku, svo stórt upplag, að nægilega mörg eintök verði send íslenzkum ræðismönnum í öðrum löndum, og eitt eintak fengið hverju sóttvarnarskyldu skipi.

## 29. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1934.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amalíuborg, 19. júní 1933.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Magnús Guðmundsson.*

## 66

19. júní

## L Ö G

um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Það er almenn skylda að gæta sem mestrar varúðar við hverskonar næmum sjúkdómum og gera sér allt far um að sýkja hvorki sjálfa sig né aðra, að svo miklu leyti sem framkvæmanlegt er og þýðingu hefir.

Læknum og þeim, sem með lækningar fara, svo og öðrum heilbrigðisstarfsmönnum, er sérstaklega skylt, hverjum í sínum verkahring, að vekja athygli á sýkingarhættum og gefa ráð og leiðbeiningar hér að lútandi.

Skylt er hlutaðeigendum jafnan að hlýða fyrirmælum læknis um nauðsyn-

legar, viðurkenndar og venjulegar ráðstafanir til varnar gegn sóttnæmisútbreiðslu frá sjúklingi, er hann hefir til meðferðar.

66  
19. júní

## 2. gr.

Héraðslæknar skulu, hver í sínu umdæmi, undir umsjón landlæknis og ráðherra, sjá um opinberar varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma samkvæmt lögum þessum. Fari svo, að hlutaðeigandi héraðslæknir geti eigi leyst það starf að hendi, er lög þessi leggja honum á herðar, skal ráðherra sjá um, að einn eða fleiri læknar verði settir honum til aðstoðar.

Skyldir eru sýslumenn, bæjarfógetar (í Reykjavík lögreglustjóri), hreppsstjórar, svo og sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir, ef til eru, að veita héraðslæknum hjálp við framkvæmd hinna opinberu sóttvarna.

Ráðherra gefur út almennar reglur fyrir því, hvernig haga skuli opinberum vörnum gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

## 3. gr.

Ætíð skal beita opinberum vörnum gegn þessum sjúkdómum: pest, austurlenzkri kóleru, bóluþótt, dilasótt, blóðkreppusótt og gulri hitasótt.

Ráðherra getur fyrirskipað, að opinberum vörnum skuli og beita gegn öðrum næmum sjúkdómum, svo sem influenzu, mislingum, skarlatssótt, barnaveiki, kikhósta, taugaveiki, blóðsótt, hettusótt, heilasótt og mænusótt, þegar þessar sóttir eru skæðar, þegar líklegt þykir, að hefta megi hættulega útbreiðslu þeirra með opinberum vörnum en ekki án slíkra varna, eða þegar aðrar sérstaklega knýjandi ástæður eru fyrir hendi.

## 4. gr.

Í hvert sinn er einhver sá sjúkdómur kemur upp, er nefndur er í 1. málsg. 3. gr., skal hlutaðeigandi héraðslæknir þegar í stað beita hinum almennu sóttvarnarreglum, en tilkynna það landlækni jafnskjótt.

Telji héraðslæknir nauðsyn til bera að beita hinum almennu sóttvarnarreglum að meira eða minna leyti gegn öðrum næmum sjúkdómum samkvæmt 2. málsg. sömu gr., ber hann málið undir landlækni og biður fyrir mæla ráðherra. Ef héraðslæknir telur svo aðkallandi að beita hinum almennu sóttvarnarreglum að meira eða minna leyti, að hverskonar töf sé hættuleg, er honum heimilt að gera það til bráðabirgða, án þess að leita til þess heimildar fyrirfram, en tilkynna skal hann landlækni jafnskjótt ráðstafanir sínar.

Um varnir gegn berklaveiki, holdsveiki og kynsjúkdómum fer eftir sérstökum lögum.

## 5. gr.

Nú hafa verið teknar upp opinberar sóttvarnir samkvæmt lögum þessum, og kveður þá ráðherra nánar á um það, hverjar ráðstafanir skuli gera til að hefta útbreiðslu sjúkdómsins. Þegar þau fyrir mæli hafa verið lögð fyrir hlutaðeigandi héraðslækni, hagar hann sóttvörnunum samkvæmt þeim þang-

- 66 að til öðruvísi verður fyrir mælt af ráðherra. Ef héraðslæknir telur nauðsyn-  
 19. júní legar breytingar á tilhögun sóttvarnanna, leggur hann tillögur sínar þar að lútandi fyrir landlækni og bíður nýrra fyrirmæla ráðherra. Ef héraðslæknir telur breytingarnar svo aðkallandi, að hverskonar töf sé hættuleg, er honum heimilt að framkvæma þær til bráðabirgða, enda séu varnirnar eftir sem áður í samræmi við hinar almennu sóttvarnareglur, en tilkynna skal hann landlækni jafnskjótt ráðstafanir sínar.

## 6. gr.

Þegar ástæða er til að ætla, að maður hafi dáðið úr einhverjum þeim sjúkdómi, sem annaðhvort er skylt eða nauðsynlegt að beita opinberum vörnum við samkvæmt lögum þessum, eða hinn dani er grunaður um að hafa verið smitberi einhvers þess sjúkdóms, getur hlutaðeigandi lögreglustjóri lagt fyrir, að rannsaka skuli parta af líkinu eða jafnvel kryfja það, ef þörf er á til þess, að ákveðið verði, hvort opinberum vörnum skuli beitt.

## 7. gr.

Eigi má nota farþegaskip, farþegabifreiðar, farþegalofför eða önnur tilsvarendi fólksflutningatæki til að flytja sjúklinga með sjúkdómum, né smitbera þeirra sjúkdóma, sem skylt er að beita opinberum vörnum við eða opinberum vörnum er beitt við, nema fylgt sé öllum fyrirmælum um flutning slíkra sjúklinga eða smitbera.

Ákvæði þessarar greinar ná jafnan til skarlatssóttar, barnaveiki, taugaveiki og heilasóttar, þó að opinberum vörnum sé ekki beitt gegn útbreiðslu þeirra.

## 8. gr.

Nú kemur sjúkdómur upp á heimili, eða yfirvofandi er, að hann komi upp á heimili og auðsætt þykir eða líklegt, að sé einhver af þeim sjúkdómum, sem nefndir eru í 3. gr. 1. eða 2. málsgrein, eða vitað er eða grunsamlegt, að einhver heimilismaður sé smitberi einhvers þess sjúkdóms, og skal þá húsráðanda þegar skylt að skýra lækni sínum frá því. Ef læknirinn er ekki hlutaðeigandi héraðslæknir og fellst á, að um slíkan sjúkdóm eða smitbera geti verið að ræða, tilkynnir hann það héraðslækninum. Húsráðanda, sem er fjarri lækni, er og heimilt, ef hann kys það heldur, að tilkynna sjúkdóminn hreppstjóra eða hreppsnefndarmanni í hreppi sínum, eða skýra þeim frá smitberanum, en hann skal þá jafnskjótt láta hlutaðeigandi héraðslækni vita. Með heimilismönnum eru einnig taldir aðkomumenn þeir, er hafa þar húsnaði eða náttstað um stundarsakir, og þeir, er þar eru í fæði. Nú kemur slíkur sjúkdómur eða smitburður upp meðal þeirra, er í nauðungarvist eru á einhverjum stað, eða í sjúkrahúsum, elliheimilum, barnahælum, skólum og líkum stofnunum, og er þá forstöðumanni eða forráðamanni skylt að skýra frá því. Komi sjúkdómurinn eða smitburðurinn upp á skipi eða í veri á vertíð meðal skipshafnar, skal skipstjóri eða formaður skýra frá því.

Starfandi læknum er sérstaklega skylt að hafa vakandi auga á næmum sjúkdómum, er ástæða gæti verið til að beita opinberum vörnum við, svo og smitberum slikra sjúkdóma og tilkynna jafnskjótt hlutaðeigandi héraðslækni, ef þeir verða þeirra varir.

Viti einhver til þess að vanrækt hafi verið að segja héraðslækni frá sjúkdómi eða smitburði samkvæmt þessari grein, skal hann þegar í stað skýra frá því á þann hátt, er að framan er sagt.

Þurfi hreppstjóri eða hreppsnefndarmaður, samkv. grein þessari, að takast ferð á hendur, fær hann kostnaðinn endurgreiddan úr sveitarsjóði eftir reikningi, er hreppsnefndin samþykkir.

#### 9. gr.

Nú er eigi unnt að hafa sjúkling eða smitbera svo afskekktan á heimili sínu, að óhætt sé við útbreiðslu sótnæmisins, og er þá héraðslækni heimilt, í samræmi við ákvæði 3. og 4. gr., að láta flytja hann á sjúkrahús eða eitthvert annað hús, er til þess er hentugt og hægt er að fá. Er sjúklingur eða smitberi skyldur að vera þar, þangað til hættulaust er að flytja hann eða láta hann fara þaðan, enda fái hann þar hæfilega læknishjálp og aðhjúkrun. Heimilt er og að fara eins að, þá er rannsaka skal vafasöm sjúkdómstílfelli eða smitburð. Við flutning sjúklingsins eða smitberans skal þess gætt, að svo vel fari um hann sem unnt er, án þess að hætt sé við sótnæmisútbreiðslu.

#### 10. gr.

Ef sjúklingur eða smitberi er ekki fluttur frá heimili sínu, getur lögreglustjóri eða hreppstjóri eftir fyrirmælum héraðslæknis, í samræmi við ákvæði 3. og 4. gr., takmarkað samgöngur milli heimilis hans (húss eða bæjar) og annara heimila, eða bannað með öllu utanheimilismönnum að koma á heimilið, og einnig heimamönnum að fara á annara manna heimili. Þegar samgöngur eru takmarkaðar, skal, ef þörf er á, setja mann af öðru heimili til að líta daglega eftir hinu sýkta heimili og annast nauðsynlega aðflutninga, en skylt er að gera það, ef samgöngur eru með öllu bannaðar. Banna má og að flytja af sýktu heimili muni og matvæli, einkum mjólk og mjólkurafurðir.

Á sama hátt getur héraðslæknir takmarkað eða bannað sölu varnings, sem sóthætta getur stafað af, einnig verzlunum, svo sem matvælabúðum, brauðbúðum og mjólkurbúðum, ennfremur veitingar á gistihúsum og veitingastöðum.

Matvæla kaupmenn, matsalar, veitingamenn, brauðsalar og einkum mjólkursalar eru skyldir til, ef krafizt verður vegna framkvæmda þessara laga, að láta í té skrá yfir viðskiptamenn sína, að svo miklu leyti, sem þeir eru þeim kunnir. Einnig eru menn skyldir að gefa sig fram, sem viðskipti hafa haft við slíkan ákveðinn kaupmann, útsölumann eða veitingamann, ef héraðslæknir krefst þess með auglýsingu.

## 11. gr.

Nú hefir sjúkdómur, er opinberum vörnum er beitt við, gert vart við sig á heimili, þar sem eru börn eða aðrir nemendur, er ganga í skóla, eða smitberi slíks sjúkdóms hefst þar við, og mega þá nemendurnir ekki sækja skólann fyrr en ekki er hætt við sóttnæmisútbreiðslu frá þeim, að áliti héraðslæknis eða samkvæmt úrskurði ráðherra. Þessa skal og jafnan gætt um skarlattsótt, barnaveiki, taugaveiki, heilasótt og mænusótt, þó að opinberum vörnum sé ekki beitt gegn þeim, og um næmar sóttir yfirleitt, nema þær séu svo útbreiddar orðnar, að þýðingarlaust teljist.

Um skólakennara gildir hið sama að þessu leyti og nemendur.

## 12. gr.

Í byggðarlagi, þar sem sjúkdómur gengur, er opinberum vörnum er beitt við, svo og í nærsveitunum, getur lögreglustjóri eða hreppstjóri, eftir fyrirmælum héraðslæknis í samræmi við ákvæði 3. og 4. gr., skipað, að loka skuli skólum, jafnt almennum skólum sem skólum einstakra manna, bannað almenna mannfundi og opinberar skemmtisamkomur (kvikmyndasýningar, leik-sýningar, samsöngva, dansleiki, hlutaveltur o. s. frv.), aðrar samkomur (brúðkaupsveizlur, innanfélags skemmtanir o. s. frv.), þar sem margir koma saman í sama húsi, svo og messugerðir og líkfylgdir.

Á sama hátt getur lögreglustjóri eða hreppstjóri lokað verzlunum, svo sem matvælabúðum, brauðbúðum og mjólkurbúðum, ennfremur gistihúsum og veitingastöðum.

## 13. gr.

Þegar mjög mikil hætta vofir yfir, getur lögreglustjóri, eftir fyrirmælum héraðslæknis í samræmi við ákvæði 3. og 4. gr., skipað fyrir, að afkvía skuli sýkta kaupstaði, kauptún, þorp eða sveitir eða hluta þeirra, svo og önnur stór svæði, og skal hann annast nauðsynlegar ráðstafanir um samgöngubannið.

Nú óskar bæjarstjórn þess, sýslunefnd eða hreppsnefnd, fyrir hönd kaupstaðar, sýslu eða hrepps, að afkvía kaupstaðinn, sýsluna eða hreppinn eða hluta þeirra, til þess að ekki berist þangað hættulegur faraldur. Getur þá ráðherra, ef ástæða virðist til, heimilað afkviunina og falið lögreglustjóra framkvæmdirnar í samráði við hlutaðeigandi héraðslækni. En þegar svo stendur á, skal allur kostnaður við þær ráðstafanir greiðast úr hlutaðeigandi sveitarsjóði eða sýslusjóði.

## 14. gr.

Nú hefir verið beitt sóttvarnarráðstöfunum gegn grunuðum taugaveikismitbera eða öðrum grunuðum smitbera, og á hann þá kröfu á, að hann verði rannsakaður til hlítar og úr því skorið, ef unnt er, hvort grunurinn er á rökum byggður. Á sama hátt á taugaveikissmitberi, eða annar smitberi, sem sóttvarnarráðstöfunum hefir verið beitt gegn, kröfu á að fá þá læknishjálp, sem til þess þarf, að hann verði, ef unnt er, losaður við smitburðinn.

Ráðherra er heimilt að semja um að veita viðvarandi taugaveikissmitbera

eða aðstandendum slíks smitbera, og eins þó að aðeins sé um grun að ræða, sem ekki verður hnekkt, styrk úr ríkissjóði um lengri eða skemmri tíma, gegn því að smitberanum verði tryggilega ráðstafað, svo að sýkingarhætta stafi ekki af honum.

66

19. júní

## 15. gr.

Skylt er mönnum að þola, að fram fari sóttþreinsun á sjálfum þeim, á búslóðum þeirra, húsum og bæjum, einnig á skipum og öðrum farartækjum, svo og á lausum munum, þar er verið hefir einhver af sjúkdómum þeim, er nefndir eru í 3. gr., 1. og 2. málgr., eða smitberar slíkra sjúkdöma, og þá endranær, er héraðslæknir fyrirskipar það í samræmi við þessi lög.

Sé það miklum umsvifum og erfiðleikum bundið að hreinsa lausa muni, má láta brenna þá eða eyða þeim á annað hátt, en skaðabætur skulu greiddar eiganda.

Til þess að hafa sóttþreinsanir á hendi skal héraðslæknir ráða sóttþreinsunarmenn, fleiri eða færri innan héraðs síns, og setur þeim umdæmi. Hann veitir hverjum sóttþreinsunarmanni næga tilsögn til starfans, og semur við hann um ákveðna borgun fyrir hverja sóttþreinsun eftir reglum, sem ráðherra setur.

Nú fær héraðslæknir engan hæfan mann til að taka að sér sóttþreinsun fyrir hæfilega borgun, og getur hann þá leitað aðstoðar sýslumanns eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögreglustjóra), sem er heimilt að skipa eftir tillögum héraðslæknis hvern þann mann, er honum sýnist, á aldrinum 25—50 ára, til þess að hafa á hendi sóttþreinsun innan síns hrepps eða kaupstaðar í 3 ár. Ef sá, er þannig er skipaður sóttþreinsunarmaður, þykist ekki geta haft starfann á hendi sökum heilsubrests eða annara orsaka, getur ráðherra leyst hann frá að gegna þessum starfa, telji hann ástæður hans á rökum byggðar. Verði ekki samkomulag um hæfilega borgun fyrir hverja sóttþreinsun, ákveður ráðherra borgunina.

Heimilismönnum er skylt að annast endurgjaldslaust alla þá vinnu við sóttþreinsunina, sem þeir geta af hendi leyst og sóttþreinsunarmaður þarf með og heimtar. Þeim er og skylt að leggja til ókeypis heitt vatn og kalt, eldivið og sápu eftir þörfum, en ekki önnur efni, sem til sóttþreinsunar þarf.

Ráðherra sér um, að ætíð séu fyrirbyggjandi á kostnað ríkissjóðs hjá læknum nægar birgðir af efnum þeim, sem þarf til sóttþreinsunar samkvæmt lögum þessum.

## 16. gr.

Allan kostnað við opinberar ráðstafanir samkvæmt lögum þessum (sbr. þó 15. gr. 5. mgr.) skal greiða úr ríkissjóði, nema þar sem sérstaklega er tekið fram, að hann skuli greiða úr sveitarsjóði eða sýslusjóði (8. gr. 4. málgr., og 13. gr. 2. málgr.). Þar á meðal skal greiða úr ríkissjóði kostnað allan við flutning sjúkra manna og ferðakostnað smitbera af heimili á sjúkrahús eða annað, svo og fyrir dvöl þeirra þar samkvæmt 9. gr., þar með talin aðhjúkrun, lyf og læknishjálp, ennfremur ferðakostnað smitbera til rannsóknar eða lækninga samkvæmt 14. gr., svo og allan kostnað við rannsóknina og læknishjálpinu, þar með talinn dvalarkostnaður á sjúkrahúsi.

66 Ráðherra er og heimilt að láta greiða úr rikissjóði að meira eða minna leyti  
 19. júní kostnað við læknishjálp, aðhjúkrun og eftirlit með sjúklingum í heimahúsum, þegar um sjúkdóm er að ræða, sem opinberum vörnum er beitt við, og ætla má, að slíkt sé nauðsynlegt til að hefta útbreiðslu sjúkdómsins.

Ríkissjóður greiðir ekki þann kostnað, sem leiðir af því, er ferðir manna eða farartækja eru hindraðar samkvæmt lögum þessum, né heldur skaðabætur fyrir þau atvinnuspjöll, er leiða kann af framkvæmd þeirra.

#### 17. gr.

Brot gegn lögum þessum eða gegn almennum eða sérstökum fyrirskipunum samkvæmt þeim varða fangelsi eða sektum, 50—5000 krónum, nema hærri hegning sé ákveðin í almennum lögum.

Ef maður hefir einhvern þann sjúkdóm, sem um ræðir í 3. gr. 1. málgr., eða er smitberi slíks sjúkdóms, eða maður hefir dvalið á heimili, þar sem einhver af þeim sjúkdómum gengur, eða slíkur smitberi dvelur, þá skal hann jafnan, er hann kemur á önnur heimili, á skip eða í önnur fólksflutningatæki, láta húsráðanda, skipstjóra eða forráðamann vita. Sama gildir um þá sjúkdóma, sem taldir eru í 2. málgr. sömu greinar, ef opinberum vörnum er beitt gegn þeim, og einnig án þess um skarlatssótt, barnaveiki, taugaveiki og heilasótt. Nú vanrækir hann þetta, og má þá, auk hegningarinnar, sem ákveðin er í 1. málgr. þessarar greinar, dæma hann til skaðabóta fyrir það, er leiða kann af vanrækslu hans.

Með mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum, skal farið sem opinber lögreglumál.

#### 18. gr.

Lög nr. 24 16. nóvember 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, og lög nr. 14 31. maí 1927, um breyting á þeim lögum, eru úr gildi numin.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

---

*Magnús Guðmundsson.*